

22. gr.

Eyðing á notuðum kælimiðlum.

Kælimiðlum sem ætlunin er að farga, skal skila til viðurkenndrar móttökustöðvar.

V. KAFLI

Eftirlit.

23. gr.

Eftirlitsaðilar.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Valdsvið.

Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

25. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og sarnkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á grundvelli reglugerðar þessarar skal Hollustuvernd ríkisins fyrir 1. júlí 1994 setja kröfur sem þjónustuaðilar kæli- og varmadælukerfa skulu uppfylla.

Umhverfisstjórnuneytið, 23. desember 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 277, 14. júní 1991,
fyrir Fiskveiðasjóð Íslands.**

1. gr.

Á eftir orðunum „frá þeirri fjárhæð sem Fiskveiðasjóður skuldar í hverri einingu skulu dregin útlán“ í 2. mgr. 6. greinar reglugerðarinnar komi orðin: og kröfur samkvæmt myntskiptasamningum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Arni Kolbeinsson.